

**Nd.**

**441. Nefndarátt**

um frv. til laga um breyting á lögum um friðun á laxi, nr. 5, 19. febr. 1886.

Frá landbúnaðarnefnd.

Laxafriðunarlögin voru sett fyrir rúmum 40 árum. Má af því ráða, a  
ýms ákvæði þeirra laga muni nú úrelt og þurfi því að takast til gagngerðrar  
rannsóknar. Í frv. því, sem hjer liggur fyrir, er aðallega farið fram á eina  
breytingu, þ. e. lengingu friðunartímans, en það er aðeins eitt ákvæði af mörg-  
um, sem athuga þyrfti, er lögin væru endurskoðuð.

Nefndin hefir leitað umsagnar Bjarna Sæmundssonar fiskifræðings um þetta frv., og leggur hann eindregið til, að frv. verði ekki afgreitt á þessu þingi, meðal annars vegna þess, að Pálmi Hannesson náttúrufræðingur hefði þegar gert talsverðar rannsóknir á þessu sviði og hefði í smíðum tillögur um breytingar á laxveiðalöggjöfnni. Meiri hluti nefndarinnar telur heppilegast, að millipinganefndin í landbúnaðarmálum taki með aðstoð Pálma Hannessonar laxveiðalöggjöfina til gagngerðrar endurskoðunar, og að þessari endurskoðun yrði hraðað svo, að frv. um breytingar á þessari löggjöf gæti legið fyrir næsta þingi.

Af framangreindum ástæðum leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði afgreitt með svofeldri

#### RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að stjórnin hlutist til um, að laxveiðalöggjöfin verði endurskoðuð hið allra fyrsta, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 26. apríl 1929.

Lárus Helgason,      Jón Sigurðsson.      Einar Jónsson.  
form. og frsm.

Enda þótt við viðurkennum fyllilega, að hin mesta nauðsyn beri til að endurskoða laxveiðalöggjöfina alla í heild og sjeum því samþykkir, að það verði gert miklu rækilegar en gert er með þessu frv., teljum við þó nokkrar þessar breytingar á laxveiðalöggjöfnni, er í frv. felast, ganga í rjetta átt, og mælum með því, að frv. gangi fram með nokkrum breytingum, er við höfum ákveðið að flytja við 3. umræðu málsins.

Jörundur Brynjólfsson.      Bernh. Stefánsson.